

S I Ð A R E G L U R kjörinna fulltrúa hjá Sveitarfélaginu Árborg

1. gr.

Markmið siðareglanna

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem kjörnir fulltrúar vilja sýna af sér við öll sín störf.

Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Sveitarfélagsins Árborgar.

2. gr.

Starfskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna Sveitarfélagsins Árborgar. Í störfum sínum er kjörinn fulltrúi bundinn af lögum, reglum og samþykktum sveitarfélagsins, sem og sannfæringu sinni.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar móta stefnu og hafa eftirlit með rekstri sveitarfélagsins. Kjörnir fulltrúar

gæta þess að framkvæmd stjórnsýslu og rekstrar sveitarfélagsins sé ávallt eins og best verður á kosið.

Kjörnir fulltrúar aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé.

Kjörnir

fulltrúar forðast að hafast nokkuð það að sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða sem

varpað getur rýrð á störf þeirra eða Sveitarfélagsins Árborgar.

Kjörnir fulltrúar upplýsa íbúa Sveitarfélagsins Árborgar um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri sveitarfélagsins eins og kostur er. Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á störfum sínum.

3. gr.

Valdmörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna

fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins virðingu.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar



Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á

slíkum árekstrum. Á þetta einnig við ef þær breytingar verða á högum kjörins fulltrúa, að valdið gætu slíkum hagsmunaárekstrum.

Um mat á hæfi við afgreiðslu einstakra mála og málsmeðferð í því sambandi fer eftir sveitarstjórnarlögum, hæfisreglum samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fundarskögum bæjarstjórnar.

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir sveitarfélagið lýkur.

5. gr.

Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu sveitarfélagsins nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Kjörnir

fulltrúar þiggja ekki gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

6. gr.

Trúnaður

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að

fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Sveitarfélagsins Árborgar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögætum og málefnalegum rökum.

7. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnir fulltrúar gæta þess að við stöðuveitingar hjá Sveitarfélaginu Árborg sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum.

8. gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa og almennings

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almennings og fjölmiðlum á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar og annan þann hátt sem bæjarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.



Sveitarfélagið
ÁRBORG
